

Lagt fram á fundi bæjarráðs 5. desember 2019.

Fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar, Öddu Maríu Jóhannsdóttur:

1912058 – Jólblað um Hafnarfjörð

Óskað er upplýsinga um blað (Jólabærinn Hafnarfjörður) sem gefið var út í nóvember 2019.

Svar við fyrirspurnum:

1. **Hvar var ákvörðun tekin um útgáfu blaðsins?** Ákvörðun um útgáfu blaðsins var tekin innan samskiptateymis á þjónustu- og þróunarsviði í upphafi nóvember.
2. **Hvar var því dreift?** Blaðinu var dreift í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Selfossi og nágrenni, Hveragerði, Suðurnesjunum og í völdum póstnúmerum í Reykjavík: 103, 104, 108, 109, 110 og 111.
3. **Hver er kostnaðurinn við útgáfu, prentun og dreifingu blaðsins?** Heildarkostnaður við útgáfu blaðsins var 3.509.637.- kr. sem skiptist á eftirfarandi kostnaðarliði: 1) Ritstjórn: 300.000.- kr. 2) Hönnun, uppsetning og ljósmyndun: 240.000.- kr. 3) Prentun: 1.795.000.- kr. 4) Dreifing: 1.174.637.- Útgáfa á jólblaði fyrir Hafnarfjörð er innan fjárhagsramma auglýsinga- og kynningarmála fyrir árið 2019.
4. **Var tilboða leitað?** Tilboða var ekki leitað. Í 9. grein innkaupareglna Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að ef fjárhæð vegna kaupa þjónustu fer yfir 15 mkr. skal viðhafa útboð eða yfir 10mkr. Vegna vörukaupa. Verkefnið er því ekki útboðsskylt. Ekki var skylt að nota verðfyrirspurn sbr. ákvæði 11. gr. sbr. 6. gr. innkaupareglna þar sem verkefnið er innan fjárhagsramma auglýsinga- og kynningarmála fyrir árið 2019.

Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs